

Krít

Víkuna 9. – 14. maí fóru fjórir kennarar frá Arnarsmára til Krítar í tengslum við Erasmusverkefnið okkar The Power of Reading. Skólinn heitir The 11th Oloimera Nipiagogio Chanion. Hann er staðsettur í borginni Chania og er almennur leikskóli fyrir börn á aldrinum 4 – 6 ára. Í verkefninu er Grikkland með sérhæfingu í lestri og sögugerð. Það var margt sem kennararnir lærðu á fundinum varðandi sögugerð og hvernig hægt er að vinna að sögugerð með börnunum. Kennararnir komu heim með alls konar nýjar hugmyndir sem eiga örugglega eftir að nýtast kennurum í Arnarsmára við kennslu í framtíðinni.